

Til þeirra er málið Varðar

Hafnarfirði 11.09.2019.

Erindi: Suðurgata 73, umsókn 1901513, fjölgun bílastæða.

Með uppdrætti ásamt umsókn sækir Ásmundur Kristjánsson um fjölgun bílastæða við húsið samkvæmt teikningum Brynjars Daníelssonar teiknaðar í janúar 2019.


Fyrir liggur í þessu máli er varðar Suðurgötu 73 minnisblað skipulagsfulltrúa frá því í apríl 2018.

Í gildi er deiliskipulag frá 2014, sem gerir ráð fyrir tveimur bílastæðum á lóð. Fyrirliggjandi umsókn gerir ráð fyrir fjölgun bílastæð um þrjú þannig að heildar fjöldi bílastæða á lóð verði samtals 5.




Hlutamynd úr gildandi deiliskipulagi frá 2014.

Samkvæmt samþykktum uppdráttum og þinglýstri eignaskiptalýsingu er á lóðinni tvíbýlishús með rúmlega 100 m² bifreiðageymslu sem er eignatengd eign 0201 í matshluta 01.



Afstöðumynd úr fyrirleggjandi umsókn um fjölgun bílastæða.

Gerð og fyrirkomulag bílastæða á lóð er háð samþykki byggingarfulltrúa og skulu þau vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Við samþykkt á nýjum bílastæðum er stuðst við viðmiðunarstærðir sem byggjast á evrópskum stöðlum. Eftirfarandi er dæmi um slíkar stærðarkröfur:



Dæmi um lágmarksmál á 90° og samsíða bílastæði.



Götumynd Suðurgötu.



Götumynd Suðurgötu.

Af framangreindu má ljóst vera að fyrir liggjandi tillaga Onyx ehf. dags. jan. 2019 kallar á breytingu á gildandi deiliskipulagi. Jafnframt gerir tillagan ráð fyrir lausn, sem ekki er sýnt fram á að standist kröfur um t.d. lágmarks viðmiðunarmál bílastæða. Með fylgjandi ljósmyndir af Suðurgötu sýna þau þrengsli, sem fyrir eru í götunni og gefa jafnframt vísbendingar um, að minnst tvö almenn bílastæði í götu þurfi að víkja svo unnt sé að koma fyrir þremur einkastæðum inni á lóð.

Ekki er í umsögn þessari tekin afstaða til þess sem fram kemur á uppdrætti að innrétta eigi bifreiðageymslu (mhl. 02) sem kennsluhúsnæði.

Undirritaður gerði minnisblað dags. 03.04.2018 er varðar það mál, og þar koma fram skipulags- og byggingartæknilegar athugasemdir sem vinna verður úr, ekki er ráðlegt að hefja þá för á fjölgun bílastæða sem einn lið í heildarlausn. Jafnframt má vekja athygli á því að komi til breytinga á gildandi deiliskipulagi er heimilt að styðjast við bílastæðareglur Hafnarfjarðar.

- Taka þarf afstöðu til deiliskipulagsbreytingar sem heimilar atvinnustarfsemi í íbúðarhverfi.
- Taka þarf afstöðu til núverandi eignarhalds og skráningar.
- Taka þarf afstöðu til fordæmisgildisins sem felst í slíkri skipulagsbreytingu.

Ekki er hægt að fallast á erindið eins og það liggur fyrir.

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi.